

# ÖRNEFNANEFND

## Ársskýrsla

2016

### ÖRNEFNANEFND

Laugavegi 13, 101 Reykjavík

Sími 525 4432 og 525 4433 · Netfang ornefnanefnd@hi.is

[http://www.arnastofnun.is/page/arnastofnun\\_nafn\\_ornefnanefnd](http://www.arnastofnun.is/page/arnastofnun_nafn_ornefnanefnd)

## **Skipulag**

Örnefnanefnd starfar á grundvelli laga um örnefni nr. 22/2015, sbr. og Lög um Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum nr. 40/2006, með síðari breytingum, Lög um landmælingar og grunnkortagerð nr. 103/2006, með síðari breytingum og Lög um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001, með síðari breytingum.

Örnefnanefnd var þannig skipuð frá 1. júlí 2015:

*Pórunn Sigurðardóttir* formaður, án tilnefningar.

Varamaður: *Haraldur Bernharðsson*.

*Halldór Blöndal* varaformaður, tilnefndur af innanríkisráðuneyti.

*Gunnar H. Kristinsson*, tilnefndur af umhverfis- og auðlindaráðuneyti.

Varamaður: *Danfríður Skarphéðinsdóttir*.

*Hallgrímur J. Ámundason*, tilnefndur af Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Varamaður: *Jónína Hafsteinsdóttir*.

*Margrét Jónsdóttir*, tilnefnd af Íslenskri málnefnd.

Varamaður: *Sigurður Konráðsson*.

Örnefnanefnd hefur aðsetur í húsakynnum nafnfræðisviðs Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum að Laugavegi 13 í Reykjavík.

## **Verkefni**

Verkefni Örnefnanefndar eru skv. lögum þessi:

1. að veita rökstutt álit um örnefni vegna birtingar í opinberum örnefnagrunni hafi risið ágreiningur um það efni og honum verið skotið til nefndarinnar;
2. að úrskurða um nýtt eða breytt bæjarnafn, götunafn eða annað það nafn sem notað er til skráningar á staðfangi hafi risið ágreiningur um það efni og honum verið skotið til nefndarinnar;
3. að úrskurða um nöfn á skiltum opinberra aðila;
4. að veita umsögn um fyrirhugað nafn á nýjum þéttbýliskjarna eða hverfi innan sveitarfélags;
5. að veita umsögn um nafn sveitarfélags, sbr. 6. gr. laga um örnefni;

6. að veita umsögn um nafn á nýju náttúruvafyrirbæri innan sveitarfélags;
7. að sinna öðrum verkefnum sem henni kunna að vera falin með lögum, reglugerðum eða ákvörðun ráðherra.

Örnefnanefnd er heimilt að taka upp mál að eigin frumkvæði.

## **Heimasíða**

*[www.arnastofnun.is/page/arnastofnun\\_nafn\\_ornefnanefnd](http://www.arnastofnun.is/page/arnastofnun_nafn_ornefnanefnd)*

Á heimasíðu nefndarinnar má m.a. finna aðgang að lögum um örnefni nr. 22/2015, ársskýrslur Örnefnanefndar frá árinu 1998, meginsjónarmið nefndarinnar um nöfn sveitarfélaga og skrár um nöfn á býlum sem tekin hafa verið upp eftir 1. ágúst 1998.

## **Fundir**

Haldnir voru 4 formlegir fundir í Örnefnanefnd árið 2016.

Formaður sótti auk þess samráðsfund nafnfræðisviðs Árnastofnunar og Landmælinga Íslands 10. nóvember.

Örnefnanefnd stóð fyrir kynningarfundum um Reglugerð um skráningarferli staðfanga 10. nóvember með fulltrúum frá Þjóðskrá Íslands, nafnfræðisviði Árnastofnunar, Landmælingum Íslands og menntamálaráðuneyti. Kynntu fulltrúar ÞÍ fyrirhugað fyrirkomulag skráninga.

Formaður Örnefnanefndar tók þátt í vinnu við samningu Reglugerðar fyrir skráningu staðfanga á vegum Þjóðskrár Íslands og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

## **Umsagnir, álit og úrskurðir**

Engin formleg erindi bárust Örnefnanefnd á árinu 2016.

## **Annað**

Örnefnanefnd skilaði „Leiðbeiningum um nafngiftir býla, sveitarfélaga og náttúrufyrirbæra handa sveitarfélögum“ til menntamálaráðuneytis 31. mars.

Pá skilaði nefndin „Reglugerð um störf Örnefnanefndar“ til menntamálaráðuneytis 6. júní.

Örnefnanefnd bárust nokkrar fyrirspurnir á árinu sem svarað var símleiðis eða með tölvupósti.

Nafnfræðisvið Árnastofnunar veitir einstaklingum og sveitarfélögum ráðgjöf um örnefni, þ.m.t. bæjarnöfn.

Reykjavík, 31. desember 2016

---

ÖRNEFNANEFND  
Þórunn Sigurðardóttir, formaður